

Höttur skrifar undir samning við Altís vegna búnaðarkaupa

Skrifað af Davíð Þór Sigurðarson
Mánudagur, 13 Janúar 2020 17:12

Í síðustu viku var skrifað undir samning um kaup á búnaði og tækjum fyrir nýtt íþróttahús sem Höttur er að byggja við íþróttamiðstöðina á Egilsstöðum. Um er að ræða búnað og tæki fyrir fullbúið fimleikahús ásamt innanhúss aðstöðu fyrir frjálsríþróttir. Höttur samdi við Altís ehf sem sérhæfir sig í búnaði sem þessum og hefur komið að uppbyggingu margra fimleikahúsa og frjálsíþróttavalla. Stefnt er að búnaður og tæki verði komin í nýtt hús í byrjun sumars. Â

Á myndinni má sjá Einar Sigurðsson frá Altís og Maríu Ósk Kristmundsdóttur, formann Byggingarfélags Hattar skrifa undir samninginn.

Â